

Fundargerð

Samráðsfundur vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Teigarhorn

haldinn á Hótel Framtíð, 14. nóvember frá klukkan 13:00-15:00

Fundarmenn:

Lára Björnsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Þórdís Björt Sigbórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Kristján Ingimarsson, fulltrúi Múlaþings
Inga Dóra Hrólfsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Katrín Karlsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings
Þorsteinn Geirharðsson, fulltrúi frá FSRE
Rúnar Matthíasson, fulltrúi Múlaþings og landvörður á Teigarhorni
Gauti Jóhannesson, staðgengill sveitarstjóra Múlaþings

Markmið fundar

Ræða framtíðaruppbyggingu á Teigarhorni í ljósi frumathugunar og væntingar þeirra aðila sem koma að henni.

Dagskrá

- Farið yfir sögu Teigarhorns – Kristján Ingimarsson
- Farið yfir stjórnunar- og verndaráætlunina – Þórdís Björt Sigbórsdóttir
- Farið yfir forathugunina og nokkrir kostir kynntir – Þorsteinn Geirharðsson
- Umræður í hópnum

Umræður

Rætt var ýmislegt í tengslum við framtíðaruppbygginu og kostnað ólíkra sviðsmynda forathugunarinnar. Meðal annars var rætt

- Kostnað við klósett og að setja upp gjaldskyldu
- Bílastæðagjöld og útfærsla á því
- Bílastæði – hleðslustöðvar – kjörið tækifæri fyrir hleðslu til dæmis?
- Ferðapjónustuaðilinn – mögulega þarf að stýra umferð inn á svæðið ef ferðapjónustan hyggst nýta aðkomu frá sjó að svæðinu.

Umræður voru um skemmtiferðaskip og mögulega umferð inn á svæðið frá minni bátum í tengslum við þau – þyrfti að skoða nánar í stjórnunar- og verndaráætlun varðandi mögulega stýringu. Möguleiki á að fá inn fjármagn á þennan hátt var rætt, yrði þá ákveðin gjaldtaka við fjöruna fyrir veitta þjónustu á svæðinu.

Fundarmenn voru sammála um að hugmyndin um 180 fermetra þjónustubyggingu er eitthvað sem allir eru áhugasamir um. Rætt var að Umhverfisstofnun er með áætlaða fjármuni sem eru ætlaðir í þá þjónustu sem stofnunin hefur tök á að fara í, þ.e. klósettaðstöðu fyrir gesti og minniháttar þjónusturými sem þjónar þeirri starfsemi sem stofnunin ber ábyrgð á. Rætt var um mögulegan samstarfsgrundvöll þar sem Umhverfisstofnun og sveitarfélagið vinnur saman að uppbyggingunni og getur hún þá þjónað fleiri hlutverkum en það sem Umhverfisstofnun ber ábyrgð á. Rætt var sú hugmynd að steinasafnið yrði til dæmis fært inn í framtíðar þjónustuhús og myndi þá hagræða starfsfólki sem annars þarf að vera til taks á safninu sem er ekki í mikilli nálægð við það svæði sem áætluð uppbygging er.

Fram kom að sveitarfélagið hefur ekki gert ráð fyrir þessari fjárfestingu, en mikilvægt er að vita hver upphæðin er og hvernig þetta samstarfsverkefni yrði útfært. Þá voru ræddir möguleikar að sækja fjármagn annarsstaðar í verkefnið.

Rætt var að mögulega vildu fleiri aðilar koma inn í verkefnið, eins og Þjóðminjasafnið, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofan. Í kjölfar þessa fundar verður stjórn fólkvangsins boðuð á fund til að ræða þessi atriði.

Samkvæmt forathugun er verðið á bilinu 80-100 milljónir fyrir 180 fermetra þjónustuhús, rýmin yrðu síðan skipulögð í kjölfarið eftir því hver stefnan með þau er. Frágangur á bílastæði er ekki inn í þessari upphæð.

Umhverfisstofnun hefur fengið úthlutað úr landsáætlun um uppbyggingu innviða upphæð sem nemur 60 milljónum sem er eins og áður hefur komið fram fyrir salerni og lítið þjónustuhús.

Næstu skref:

Sveitarfélagið skoði möguleika á að fjármagna og fara í stærri uppbygginu í samstarfi við Umhverfisstofnun. Mikilvægt er þá að eignarhald, skipting framkvæmdarkostnaðar og aðrir þættir séu skýrir frá upphafi. Ef sveitarfélagið hefur ekki áhuga á frekari uppbyggingu þá liggur fyrir að Umhverfisstofnun hefur fengið úthlutað fjármunum fyrir salernum og þjónustuhúsi úr landsáætlun um uppbyggingu innviða og æskilegt að sú uppbygging fari af stað sem bætir þjónustu við ferðamenn á svæðinu.